

Heimilisfólk var þá, Afi, Amma, Lauga, Indriði, Víkingur, Þórhalla, Solla, Björgheiður, Dagný Sigurgeirsdóttir og ég.

Húsakostur á þeim tíma, Íbúðarhús með sambyggðu fjósi, Hesthús, Lambhús Bjarnahús og Leynishúsið. Kúahlaðan, súrheysgrifjan og Smiðjan sem voru sambyggð gamla bænum. Magnúsarkofi.

Geitakofin með sambyggðri rétt upp í Litlahaga. Beitarhúsin með afgirtu túni.

Vindrella var uppá Lambhúshlöðunni og frammleiddi láspennurafmagn inn á rafgeyma sem staðsettir voru á hillu yfir stiganum, notað fyrir útvarp og ljós.

Aðdrættir komu allir frá Rangá, þar til afleggjarin frá Urriðavatni kom til sögunar.

Girðingar voru gerðar úr grjóti og man eg vel eftir þegar eg gat aðstoðað afa þegar hann hlóð upp í skörð sem komið höfðu í garðana. Hann undi sér mjög vel við þetta starf og naut eg samveru hans. Hann sagði mér ýmsar sögur og einnig var hann iðin við að kenna mér nöfn á plöntum og gróðri.

Eldun og upphitum kom frá Sóló eldavél, sem kynnt var með sverði og taði. Svörður var tekinn úr svarðargröfunum og taðið kom úr Bjarnahúsinu.

Sverðinum var ekið upp á Kvíaból, klofin og reistur við til þerris. Því næst var hann borinn að svarðarhlaðastæðinu, þar sem afi hlóð honum snirtilega upp í hlaða og síðan tyrft yfir.

Lauga bar vatn með vatnsbera, tvær fötur í einu, úr brunni sem var upp í Litlahaga

Heyskapur var allur á handafli.

Afi, Indriði og Víkingur slóu öll tún og útengi með orfi og ljá,

þá tóku stúlkurnar og við krakkarnir til óspiltra málana með hrífurnar.

Gerður var flekkur hann garðaður í hreinagarða, síðan var garðað eftir þörfum.

Ef von var á rigningu var rakað í stóra garða og þeir fangaðir.

Þegar þornaði var dreift úr föngunum og garðað þangað til heyið var orðið þurt.

Þá kom að því taka saman.

Afi skóflaði heyinu í garð fyrir ýtu sem dregin var af hesti og kom heyinu heim að vindauganu á hlöðunni, því síðan komið inn með höndum.

Hey af Flögnum neðan við Bæarhólin, var bundið í bagga og komið í hlöðu á klak.

Þá kom að því að keypt var hestasláttuvél. Litlahagatúnið þótti upplagt til að prófa tækið. Niðurstaðan var, að vélin væri ónothæf, gekk ekki nógu nærri

grassverðinum . Þar með var henni lagt það sumarið og orfin tekin í gagnið á ný.

Heyskapur á útengjum þótti mér skemtilegur, mest var verið að í Stekkjarblá. Þá færði ég fólkinu hressing á engjarnar, kaffi í flösku sem sett var í ullarsokk, mysa og viðbit af besta tagi, frá henni ömmu minni.

Kartöflur voru ræktaðar í sandinum, út og niður af Lambhúsinu.

Ull var þvegin út við á og soðin í mjög stórum potti sem stóð á hlóðum. Í pottinum var keyta frá kúnum, síðan var ullin skoluð í ánni og breidd til þerris.

Maturinn hennar ömmu var mjög góður og listugur.

Saltfiskur var keyptur í mjög stórum pakningum, einskonar stabba og geimdur niðri í kjallara. Amma matbjó ýmis afbrigði úr honum.

Þá er mér minnstæður hræringurinn , þar var skyri og hafragraut hrært saman með mjólk og súru slátri. Pottbrauðið með smjöri var mjög ljúffengt.

Við Dagný fórum stöku sinnum á sunnudögum í heimsókn inn í Uriðavatn.

Jón bóndi og Sigurbjörg tóku vel á móti okkur, Sigurbjörg bakaði lummur með sykri og sultu.

Venjulega fórum við gangandi , en einhverra hluta vegan þá fengum við eitt sinn Bleik , sem var hesturinn hans afa til fararinnar,við tvímenntum berbakt og hafði Dagný stjórnina á hestinum.

Allt gekk vel inn í Uriðavatn, en á leiðini heim þá fældist klárinn og kastaði okkur af baki og eg handleggs brotnaði.

Var mér komið niður á Seyðisfjörð þar sem gert var að brotinu.

Ýmislegt höfðum við Dagný okkur til dundurs, þegar fólkið lagði sig útaf um miðjan daginn. Við vorum með bú í Bæjarásnum, þar notuðum við kindabein sem húsdýr.

Rétt ofan við sandinn var barð úr móhellu og gerðum okkur bíla úr henni.

Við komum okkur upp vegakerfi sem við brunuðum um .

Þetta eru þær minningar sem komu upp í hugan þegar eg var hvattur til að setja þær á blað.

Kær kveðja.

Smári Hermannsson.